ÁLFHELLA 10 HAFNARFIRÐI.

1903353 17. 05. 2019

Samþykkt þann 03. júlí 2019
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði

Skýringar með uppdráttum:

Ekki verður hafin starfsemi í nýbyggingunni fyr en leyfi Heilbrigðisfulltrúa og Vinnueftirlits ríkisins liggur fyrir.
Samkv. gildandi Aðalskipulagi fyrir Hafnarfjörð "(AÐALSKIPULAG HAFNARFJARÐAR 2013-2025) er lóð hússins innan þynningarsvæðis álversins þannig að þar má ekki vera íbúðarbyggð.

Ávallt skal fylgja reglugerðum og skriflegum fyrirmælum heilbrigðiseftirlits um meðferð á olíu og efnaúrgangi, og skal rekstraraðili hafa fengið samþykki heilbrigðisyfirvalda um innra eftirlit og starfsfyrirkomulag.

Þar sem sá möguleiki er fyrir hendi að unnið verði við vélaviðgerðir, (olía og önnur tilheyrandi efni/ úrgangur), er gerð krafa um að gólfniðurföll séu tengd olíugildru.

Helstu kennitölur fyrir Álfhellu 10 matshluta 01. eru:
Fastelgnanúmer: F2329981.
Landeignanúmer: L203358.
Lóðarstærð og athafnalóð. Stærð lóðar: 4.759,5 m²
Staðgreinir: 1400-1-0095-0100.

Birt stærð húss samtals: 1.334,0 m² að flatarmáli, og 9.640,8 m³ að brúttórúmmáli.

Brúttó flatarmál hússins samkv. skr.töflu er 1.344,0 m².
Brúttó flatarmál til útreikninga nýtingarhlutfalls er 1.344,0 m² sem er nýtingarhlutfall = 0,28.

Húsið er samkv. skilgreiningu í notkunarflokki 1.
Húsið skiptist í 2 séreignahluta:
Merking: 0101. Notkun. lóðaðar. Birt stærð: 672,0 m². 3.892,360 m³.
Merking: 0102. Notkun. lóðaðar. Birt stærð: 662,0 m². 3.843,620 m³.

Byggingarlýsing:
Sökklar og botnplata eru jarðbent steinsteypa á þjappaðri hraunfyllingu og eða á klöpp.
Botnplata er vélslípuð með hálla að niðurfellum.
Botnplata skal jarðbent, taka skal sérstaklega tillit til og gera ráð fyrir umferð þungra véla og tækja.
Lagður verður gólfhiti/ snjóbræðsla í rikta af gróðplötu ave og innan og utan við útihurðir.
Veggir og þak/ Stálgrindarhús á steypttum undirstöðum.
Burðarvirki útveggja eru úr IPE- stálbitum sem boltast fastir við steyptar undirstöður.
Stærðir burðarvirkja sjá sérteikningar verkfræðings.
Til aðná stífleika í húsið þarf að stífa veggi/ veggsúlur og þak með togböndum.
Stærðir og staðsetning sjá sér teikningu verkfræðings.

Að öðru leiti eru útveggir úr 105 mm þykkum veggeiningum (Yleiningar / steinull), (SI-105), eða sambærilegt,
K gildi 0,38 W/m²C° þyngd 22 kg/m², festar við burðarramma með tímbursleiðurum (stærðir samanber teikningar verkfr.).
Plöturnar eru með sléttri áferð og klæddar beggja megin með, 0,5 mm litaðum, galv. blikki og fyltar með steinullareinangrun.

Hurðir eru fellihurðir, blikkklæddar beggja megin með gluggum til lýsingar, einangrun steinull.

Þak: Burðarvirki eru: galvanhúðaðir IPE-stálbitar, og langbönd úr limtré (stærðir samanber teikn verkfr.).
Þakklæðning er þakeiningar (Yleiningar / steinull), (ST 126) eða sambærilegt,
K gildi 0,42 W/m² C° þyngd 21 kg/m².
Plöturnar eru trapisuformaðar og klæddar beggja megin með, 0,5 mm litaðum, galv. blikki fyltar með steinullar einangrun.
Í þaki vinnusala eru þakgluggar til reykræstingar, þakgluggarnir verði úr auðbrennanlegu plasti t.d. polyporpylen eða acryl.
Hvor þakgluggi verður um 26,4 m² að stærð. Reiknað er með að plastið í þakgluggunum bráðni við um 230°C.

Gólf 2 hæðar.
Allt burðarvirki sem heldur uppi gólfplötu 2. hæðar ásamt plötunni sjálfri er með R 60 brunaþol. Burðarbitar úr limtré, gólfbitar 55*220 mm fura
Einagrun gólfs 120 mm þéttpressuð steinull fest með 2 mm vír c/c 300 mm, gólf klætt með 22 mm nótuðumspónarplötum.
Að neðan er gólfið/ loftið klætt með 2 * 13 mm gifsplötum.

Klæðningar
Allar klæðningar á veggjum og loftum öðrum en stálklæddum samlokueiningum skulu vera klæðningar í flokki 1,
13 mm gifsplötur eða sambærilegt efni1.
Gólfefni á vinnusal eru sílipuð málað gólf, gólf í geymslum, starfsmannaaðstöðu flóttaleiðum skulu vera 4 mm vinylgólfdúkur og uppfylla Dfl-s1.

Handrið:
Stigahúss- og svalahandrið eru smíðuð úr galvaniseruðum stálvinklum og rörum,
Hæð handriða skal vera í samræmi við kröfur byggingareglugerðar um hæð handriðs og bil milli einstakra hluta handriðsins.
Svalahandrið klædd með 2 mm litaðum álplötum festar við burðarvirki handriðsins.

Neysluvatnslagnir:
Neysluvatnslagnir verða utanáliggjandi
Vatnsinntök eru við suðurenda hússins (sjá grunnmynd 1. hæð)

Frárennslislagnir:
Allar frárennslislagnir verða CE vottaðar plastlagnir.
Frárennslislagnir í grunni og plötu eru plastlagnir.

Hiti:
Húsið er hitað upp með hefðbundnu ofna- og gólfhitakerfi.

Þakkúplar:
Þakkúplar eru úr auðbrennanlegu plasti, til reykræstingar.

Loftræsting:
Magn loftræstingar fersklofts er að lágmarki 7,0 l/s á mann, þegar ekki er gert ráð fyrir mikilli áreynslu eða hreyfingu.
Sé áreynsla eða hreyfing mikil innan rýmisins skal auka magn fersklofts þannig að loftgæði séu fullnægjandi.
Að öðru leyti skal loftræsting uppfylla kröfur gerðar í grein 10.2.7 í byggingarreglugerð, er varðar loftræstingu atvinnuhúsnæðis.

Hleðsluaðstaða:
Staðsetning hleðsluaðstöðu fyrir rafmagnsbíla, sjá grunnmynd 1. hæðar.

Svalir:
Svalir eru í samræmi við byggingarreit á deiliskipulagsuppdrætti.

Mænishæð:
Aukin mænishæð er tilkomin vegna tækja sem tilheyra starfsemi lóðarhafa.
Mænishæð er skv. gildandi deiliskipulagsuppdrætti fyrir lóð nr. 10 við Álfhellu.

BRUNAVARNIR.
Notkunarflokkar og notkunarskilmálar.
Byggingin er lónaðarhús í notkunarflokki 1 og er ætlað sem verkstæði og tækjageymsla fyrir verktakafyrirtæki, ásamt skrifstofum, starfsmannaðstöðu og geymslurýmum. Ekki er reiknað með að í byggingunni séu geymdar brennanlegar olíur eða gaskútar í miklu magni og er almennt miðað við að brunaálag sé minna en 800 MJ/m².

Aðkoma slökkviliðs:
Slökkvilið hefur greiðan aðgang að lóðinni. Aðkomuleiðir eru sýndar á afstöðumynd.

Brunahólfun:

Húsið er skipt í tvö megin brunahólf með einum EI90 vegg. (Steinullarfylltur gifs klæddum veggur). Hvort brunahólf er minna en 1000 m².

Burðarvirki:
Stálsúlur / rammar í útveggjum er varin R60 upp í 4,5 m hæð.
Burðarvirki milligólfa/ hæðarskila eru R60.
Burðarvirki þaks innan milligólfa eru varin R60. Þak er úr steinullarfylltum stálsamloku- einingum, og skal hafa brunamótstöðu EI60 á a.m.k. 1,2 m svæði beggja vegna meginbrunahólfunarskila, það er gert með því að klætt er neðan á þakeiningar með 45*45 mm grind og 2*13 mm gifsplötum 1200 mm inn á loftið, en það er gert til að draga úr hættu á að eldur berist á milli brunahólfa.
Burðarvirki í megin brunaskilum skal vera R90.
Stálvirki yfir sölum er varið með reyklosun.

Innan brunahólfa er skilið á milli megin rýma og stigahúss með EI60 veggjum.
Hæðarskil í tveggja hæðar hluta eru REI60 með lokuðum stigahúsum.
Tryggt skal að reykur geti ekki borist á milli brunahólfa og skal því þétt vel með viðurkenndum efnum með öllum lögnum sem liggja milli þeirra. Nota skal viðurkennd efni og aðferðir sem tryggja sömu brunmótstöðu og skilin.
Brunahólfanir sjást á grunnmyndum.

Gólfefni í flokki G eða Dfl-s1 skkv. Íst EN 13501-1.

Klæðningar.
Allar klæðningar í lofti og á veggjum verða í flokki 1(B-sl. D0 skv. ÍST EN 13501-1)
Stálklætt yfirborð samlokueininga á þaki og útveggjum.

Flóttaleiðir.
Flóttaleiðir skv. teikningu.
Mesta reiknuð lengd flóttaleiðar að útidyrum eða inn í annað brunahólf er innan við 45 metrar.
Hurðir í flóttaleiðum séu a.m.k. 90 cm breiðar (m.v. breidd hurðarblaðs).
Allar hurðir í flóttaleið skal vera hægt að opna innan frá án lykils eða verkfæra.

Út- og neyðarlýsing.
Út-ljós og neyðarlýsing skv. ÍST EN 1838, ÍST EN 50172.
Flóttaleiðalýsing 5 lúx verður í anddyri, stigum og göngum. Svæðisljósing 0,5 lúx í sölum yfir 60 m². Neyðarlýsing (15 lúx) verður í inntaksrýmum.
Lýsing þarf að vera utanhúss við útidyr flóttaleiða.

Reyklosun
Reyklosun/ þakgluggi í formi auðbrennanlegs plasts verður í þaki vinnusala. Reiknað er með að þakgluggarnir verði úr auðbrennanlegu plasti t.d. polyporpylen eða acryl. Hvor þakgluggi verður um 26,4 m² að stærð. Reiknað er með að plastið í þakgluggunum bráðni við um 230°C. Hægt er að reyklosa húsið að öðru leyti um dyr og glugga.

Brunaviðvörunarkerfi:
Brunaviðvörunarkerfi.
Hússið er samkv. skilgreiningu í notkunarflokki 1.
Samkv. gr. 9.4.2 og töflu 9.02 í byggingarreglugerð skal vera brunaviðvörunarkerfi í húsinu.
"Viðurkennt númerað brunaviðvörunarkerfi skal vera í öllu húsinu, kerfið skal uppfylla reglur Mannvirkjastofnunar og ÍST EN54.
Kerfið skal vera tengt viðurkenndri vaktstöð.
Útstöð ásamt yfirlitsmynd verður á suðurhlið hússins næst inngeyrslu inn á lóðina.

Handslökkvibúnaður.
Brunaslöngur skv. ÍST EN 671 verða staðsettar í hvorum sal þannig að þær nái út í öll horn.
Slökkvitæki skulu uppfylla kröfur skv. ÍST EN 3. Slökkvitæki (6L léttvatn) staðsett í sal og stigahúsi (1 og 2 hæð) samkv. teikningu í báðum rekstrar einingum. 2 kg kolsýrutæki hjá aðaltöflu rafmagns. Hámarks fjarlægð í næsta slökkvitæki má hvergi vera meira en 25 m.Slökkvitæki skulu sett upp af viðurkenndum aðila . Staðsetning brunaslangna og slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum auðsjáanlegum skiltum af passlegri stærð.

Viðhald brunavarna.
Gerður skal þjónustusamningur um eftirlit og viðhald á neyðarlýsingu og handslökkvitækjum.
Setja skal upp eigið eldvarnaeftirlitskerfi fyrir húsnæðið í samræmi við reglugerð um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í atvinnuhúsnæði.

Skýringar:

Skýringar á táknum teikninga.
(Burðargrindur)
R60 Burðargrind úr limtré, stál, steypu eða strengjasteypu.
(Veggir)
REI60 Berandi veggur úr steypu eða tré.
EI60 Ekki berandi veggur úr stálgrind/gifsplötum og eða trégrind/gifsplötum.
EI90 Ekki berandi veggur úr stálgrind/gifsplötum og eða trégrind/gifsplötum.
A-REIM120 Eldvarnarveggur.
(Hæðarskil/milligólf).
REI60 Milligólf úr stálbitum, stállangböndum, steinull og gifsplötum að neðan.
Milligólf úr stálbitum, trélangböndum, steinull og og gifsplötum að neðan.
Milligólf úr limtrébitum, trélangböndum, steinull og gifsplötum að neðan.
(Hurðir)
EI-CS60 Eldvarnarhurð.
EI-CS30 Eldvarnarhurð.
EI-C30 Eldvarnarhurð.
(Gluggar)
E30 Eldvarnargluggi.

Klæðningar Euro-A (gildi klæðningar áður í flokki 1)(Euro-B-F (gildi klæðingar áður í flokki 2))

Merking einstakra tákna:
R táknar burðarþol.
E táknar heilleika.
I táknar einangrun.
W táknar vörn fyrir hitageislum.
C táknar sjálfokandi hurð.
S táknar reykhindrandi byggingahluta.
Allir eldvarnamerktir byggingahlutar skulu hafa hlotið samþykki Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins.

Bílastæði:

Gildandi skipulags skilmálar fyrir lóðina Álfhella 10 kveða á um eftirfarandi varðandi bílastæði og bílageymslur:
gr. 2.6. Bílastæði og bílageymslur.
Öll bílastæði skulu vera innan viðkomandi lóðar. Bílageymslur með merktum bílastæðum eru taldar sem bílastæði. Miða skal við eitt bílastæði á hverja 50 m² húsnæðis á atvinnulóðum, en eitt bílastæði á hverja 35 m² í skrifstofuhúsnæði.
Á lóðum fyrir geymsluhúsnæði er nóg að gera ráð fyrir einu bílastæði á hverja 100 m² geymsluhúsnæðis, enda sé lóðarfyrirkomulag þannig að auka megi bílastæðakröfu um eitt bílastæði á hverja 50 m² verði geymsluhúsnæði breytt fyrir aðra starfsemi.
Eitt sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlaða skal að minnsta kosti fylgja hverri byggingu, sem næst aðalinnganginum. Ekki er heimilt að aka beint af bílastæði út á götu.

Á afstöðumynd fyrir Álfhellu 10 eru sýnd 39 bílastæði.
Stigahús/starfsmannaaðstaða: 681,8 m ² / 35 = 19,5 bílastæði.
lónaður: 679,4 m² / 50 = 13,6 bílastæði.
Alls er krafa um 33,1 bílastæði.
Ennfremur eru sýndir markaðir sérafnotafletir fyrir framan hvern eignahluta, þar er gert ráð fyrir að heimilað sé að leggja bílum, sem og að merkja megi sérstakt bílastæði fyrir hreyfihamlaða.
Eignahlutar eru 2.

Skýringar tákna vegna eldvarna:

- BO. táknar björgunarop, samkv. reglugerð um brunavarnir og brunamál.
- Táknar rýmingarleið, samkv. reglugerð um brunavarnir og brunamál.
- R — Reykskynjari, staðsetjist samkv. teikningu.
- UT — Neyðarlýsing og útljós.
- ! — Brunastöð.

TAFLA 1 ORKURAMMI

Byggingarhluti	Lýsing	Flatarmál A (m²)	U W/[(m]^2 K)	U·A W/K
Þak	Létt timburþak	1036,0	0,20	207,2
Steyptir veggir	180mm, steinað	0,0	0,40	0
Léttir veggir	Ekki	1115,4	0,30	334,62
Gólf	120mm plata á fyll.	1014,8	0,30	304,44
Gluggar/Hurðir		326,6	2,00	653
			Orkurammi Σ U·A	1499

Yfirlit
Orkubúska
Leiðbeinir

TAFLA 2 RAUNTAP GEGNUM HJÚP OG BOTNPLÖTU

Byggingarhluti	Lýsing	Flatarmál A (m²)	U W/[(m]^2 K)	U·A W/K	Einangrunarþ. mm
Þak	Létt timburþak	1036,0	0,42	432	126
Steyptir veggir	180mm, steinað	0,0	0,36	0	105
Léttir veggir	Ekki	1115,4	0,36	398	105
Gólf	120mm plata á fyll.	1014,8	0,30	130	75
Gluggar		114,6	1,60	183	
Hurðir		212,0	1,39	295	
			Raun tap Σ U·A	1439	

TAFLA 3 TAP GEGNUM KULDABRÝR

Kuldabrýr	Lengd L	ψ(W/mK)	ψ·L(W/K)
Lóðréttar kuldabrýr við úthorn	12,0	0,04	0,48
Láréttar kuldabrýr við plötuskil	0,0	0,83	0,00
Lóðréttar kuldabrýr við útvegg/innvegg	9,0	0,83	7,47
Kuldabrýr við svalir	0,0	0,83	0,00
Kuldabrýr útistigi-útveggur	0,0	0,60	0,00
Kuldabrýr við glugga	20,0	0,04	0,80
Kuldabrýr við hurðir	10,0	0,04	0,40
Sökkull undir útvegg	50,0	0,48	12,34
Sökkull undir innvegg	20,0	0,46	11,83
Aðrar	0,0		0,00
		Kuldabrýr Σ ψ·L	33,3

ORKURAMMI (Tafla 1)		1499	Krafa
RAUNTAP GEGNUM HJÚP OG BOTNPLÖTU (Tafla 2)	1439		
TAP GEGNUM KULDABRÝR (Tafla 3)	33		
Tafla 2+3	1473	Raun	
Er Krafa/Raun>1,0 ?	1,02	Í lagi	

Grein 13.2.4			U- gildi gluggaglerja	
Leiðnitap á fermetra gólfs pr. °C	1,09	W/m^2	Fast gler	1,60
Grein 13.3.2			Opnanlegt fag	1,60
Útveggir, vegið meðaltal	0,61	Í lagi		

16.05.2019 HEILBRIGÐISEFTIRLIT HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS Garðatorgi 5 - 210 Garðabæ 9/7 2019

Breytingar:

Efni:	Dags.	Teikn.	Yfirf.

ÁLFHELLA 10 HAFNARFIRÐI.
Landeignanúmer: L203358
Aðaluppdráttur.

Aðaluppdráttur. Númer. 6 af 6.

Efni: Byggingarlýsing skýringar & orkurammi.
Mælikvarði: 1 : 500.
Frumstærð blaðs: A1.
Teiknað: VÞS. Verk nr: 01905
Yfirfarið: SÞ. Teikn. nr: 006
Dagsetning útgáfu: 20-03-2019 Endursk:

STH. teiknistofan ehf.
Strandgötu 11.
220 Hafnarfirði.
kt. 510298-2769.
Sími 5651510.
teiknistofan@simnet.is.

Áritun hönnuðar 15/5 19
Áritun hönnunarstjóra. 15/5 19

Sigurður Þorvarðarson byggingafræðingur bfi. kt. 141250-4189.